

Samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 22. september 2023

Efni: Umsögn um fjárfestingarkosti viðbótarlífeyrissparnaðar

Vísað er til máls nr. 162/2023 um fjárfestingarkosti viðbótarlífeyrissparnaðar, sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda þann 1. september 2023 sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um fyrirhugað frumvarp um aukið valfrelsi einstaklinga í viðbótarlífeyrissparnaði.

Nasdaq Iceland („Kauphöllin“) þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri athugasemdum um þetta mikilvæga málefni. Kauphöllin hefur lengi talað fyrir kostum þess að auka valfrelsi einstaklinga í viðbótarlífeyrissparnaði, af ástæðum sem verða stuttlega raktar hér að neðan.

Í áformaskjali um málið er tilgreint að markmiðið með fyrirhuguðum breytingum er að „renna styrkari stoðum undir lífeyriskerfið og stuðla að aukinni hagkvæmni og fjölbreyttari ávöxtunarleiðum“. Að mati Kauphallarinnar gæti aukið valfrelsi í viðbótarlífeyrissparnaði haft fleiri og meiri jákvæð áhrif en þarna eru nefnd, svo sem að efla fjármálalæsi og fjárhagslegt sjálfstraust almennings og að styrkja fjármögnunarumhverfi íslenskra fyrirtækja. En það fer eftir útfærslunni hvort mögulegt er að nýta þá kosti.

Núverandi upplagg felur í sér að „einstaklingi [verði] gefinn kostur á að ákveða sjálfur þá fjárfestingarstefnu sem gilda á um [viðbótarlífeyrissparnað] sem og [...] að einstaklingur fái heimild til að gera breytingar á fjárfestingarstefnunni í samráði við vörsluaðila“. Þetta feli í sér að útbúinn verði sérstakur viðaukasamningur milli vörsluaðila lífeyrissparnaðar og einstaklings sem kveður á um þá fjárfestingarstefnu sem einstaklingur velur sér. Án þess að vera með upplýsingar um nákvæma útfærslu telur Kauphöllin þetta upplagg hljóma óþarflega flókið og þar af leiðandi í ákveðinni þversögn við eitt af meginmarkmiðum breytinganna, um að stuðla að aukinni hagkvæmni í lífeyriskerfinu.

Líklegt er að þessi útfærsla myndi fela í sér aukinn kostnað og fyrir vikið væri ólíklegt að aðrir en tekjuhæstu einstaklingarnir gætu nýtt sér þessa leið. Slíkar útfærslur væru því ekki til þess fallnar að efla fjármálalæsi og fjárhagslegt sjálfstraust almennings eða auka möguleika fólks til að sníða fjárfestingar að óskum sínum og hefðu að öllum líkindum takmörkuð áhrif á fjármögnunarumhverfi íslenskra fyrirtækja.

Kauphöllin hvetur því stjórnvöld til að skoða einfaldari útfærslur á auknu valfrelsi einstaklinga í viðbótarlífeyrissparnaði. Það mætti t.a.m. skoða hvort hægt væri að nýta hefðbundna vörslureikninga verðbréfa til að halda utan um hluta viðbótarlífeyrissparnaðar einstaklinga, annað hvort í stað eða til viðbótar við þá útfærslu sem hér er til umræðu.

Stofnaðir yrðu sérstakir vörslureikningar og innlánsreikningar (hér eftir saman „viðbótarlífeyrisreikningar“) í þessum tilgangi. Í stað þess að einstaklingar þyrftu að ákvarða fjárfestingarstefnu í samráði við vörsluaðila lífeyrissparnaðar yrðu þeim settar fjárfestingarheimildir. Til að tryggja gagnsæi og jafnræði um aðgang að upplýsingum, sem og getu einstaklinga til að skipta um skoðun og færa sig á milli fjárfestinga, teldi Kauphöllin eðlilegt að þær heimildir einskorðuðust við verðbréfasjóði, skráð verðbréf og innlánsreikninga, sem eru þau sparnaðarform sem eru sérstaklega hugsuð fyrir almenning og njóta öflugrar fjárfestaverndar skv. lögum. Það gæti verið varasamt að

útvíkka slíkar heimildir yfir á fjárfestingar í óskráðum félögum, eins og eins og gefið er til kynna í skjali um mat á áhrifum lagasetningar, að mati Kauphallarinnar. Ekki væri hægt að ráðstafa eignum af viðbótarlífeyrisreikningum til annarra nota en lögin myndu heimila. Þá telur Kauphöllin mikilvægt að áform um aukið valfrelsi einstaklinga í viðbótarlífeyrissparnaði nái til uppsafnaðs viðbótarlífeyrissparnaðar en ekki einungis nýs sparnaðar eftir að lögin tækju gildi. Ef þessa er ekki gætt er hætt við að í reynd myndi hið aukna valfrelsi einungis ná til tekjuhærri einstaklinga þar sem hlutfallslega kostnaðarsamt getur verið að eiga viðskipti með lágar fjárhæðir.

Sú útfærsla sem Kauphöllin leggur til að verði skoðuð gæti náð fyrrgreindum viðbótarmarkmiðum um að efla fjármálalæsi og fjárhagslegt sjálfstraust almennings. Fólk væri hvatt til að kynna sér málin og ráðstafa viðbótarlífeyrissparnaði sínum eftir eigin höfði. Þetta myndi styrkja tengslin milli almennings og atvinnulífs og efla skoðanaskipti á verðbréfamarkaðnum.

Meiri þátttaka almennings á verðbréfamarkaði með tilheyrandi aukningu í skoðanaskiptum væri til þess fallin að styrkja fjármögnunarumhverfi íslenskra fyrirtækja, sem og að auka gagnsæi og aðhald í atvinnulífinu. Þetta sýnir m.a. reynsla Svía, sem hafa verið í fararbroddi á heimsvísu í fjármögnun lítilla og meðalstórra fyrirtækja á almenningshlutabréfamörkuðum. Velgengni þeirra hefur að stóru leyti verið rakin til öflugrar þátttöku almennings á hlutabréfamarkaði, sem og fjölbreyttri flóru smærri verðbréfasjóða, sem eru líklegri til að taka þátt í fjármögnun slíkra fyrirtækja en stærri stofnanafjárfestar.

Kauphöllin hefur ekki frekari athugasemdir við drögin og er fús til frekari umræðu og samstarfs um ofangreint mál.

Virðingarfyllt,



Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,
yfirlögfræðingur Nasdaq á Íslandi.